

**FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR**  
**(ESB) 2018/917**

2019/EES/31/33

frá 27. júní 2018

um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 að því er varðar framlengingu á samþykkistímabilum fyrir virku efnin alfasýpermetrín, beflúbútamið, benalaxyl, benþíavalíkarb, bífenasat, boskalíð, brómóoxýníl, kaptan, karvón, klórprófam, sýasófamíð, desmedífam, dímetóat, dímetómorf, díkvat, etefón, etóprófos, etoxasól, famoxadón, fenamídón, fenamífós, flúmioxasín, flúoxastróbín, fólpét, foramsúlfúrón, formetanat, *Gliocladium catenulatum* af stofni J1446, ísoxaflútól, metalaxyl-m, metíókarb, metoxýfenósíð, metribúsín, milbemektín, oxasúlfúrón, *Paecilomyces lilacinus*, stofn 251, fenmedífam, fosmet, pírimífósmetýl, própamókarb, próþíókónásól, pýmetrósin og s-metólaklór (\*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 frá 21. október 2009 um setningu plöntuverndarvara á markað og um niðurfellingu á tilskipunum ráðsins 79/117/EBE og 91/414/EBE (¹), einkum fyrstu málsgrein 17. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í A-hluta viðaukans við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 (²) eru skráð virk efnir sem teljast samþykkt samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1107/2009.
- 2) Samþykkistímabilin fyrir virku efnin díkvat, famoxadón, flúmioxasín, metalaxyl-m og pýmetrósin voru síðast framlengd með framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/841 (³). Samþykkistímabilin fyrir þessi efnir renna út 30. júní 2018. Umsóknir um endurnýjun á skráningu þessara efna í I. viðauka við tilskipun ráðsins 91/414/EBE (⁴) voru lagðar fram í samræmi við 4. gr. reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1141/2010 (⁵).
- 3) Samþykkistímabilin fyrir virku efnin alfasýpermetrín, benalaxyl, bífenasat, brómóoxýníl, klórprófam, sýasófamíð, desmedífam, etoxasól, fenamídón, foramsúlfúrón, *Gliocladium catenulatum* af stofni J1446, ísoxaflútól, metoxýfenósíð, milbemektín, oxasúlfúrón, fenmedífam og s-metólaklór voru síðast framlengd með framkvæmdarreglugerð (ESB) 2017/841. Samþykkistímabilin fyrir þessi efnir renna út 31. júlí 2018.
- 4) Samþykkistímabilin fyrir virku efnin beflúbútamið, kaptan, dímetóat, dímetómorf, etóprófos, fólpét, formetanat, metíókarb, metribúsín, fosmet, pírimífósmetýl og própamókarb voru framlengd með framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/404 (⁶). Samþykkistímabilin fyrir þessi efnir renna út 31. júlí 2018.
- 5) Samþykkistímabilin fyrir virku efnin etefón og fenamífós voru framlengd með framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 2015/415 (⁷). Samþykkistímabilin fyrir þessi efnir renna út 31. júlí 2018.

(\*) Pessi ESB-gerð birtist í Stjórd. ESB L 163, 28.6.2018, bls. 13. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 69/2019 frá 29. mars 2019 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn (bíður birtingar).

(¹) Stjórd. ESB L 309, 24.11.2009, bls. 1.

(²) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 frá 25. maí 2011 um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 að því er varðar skrána yfir samþykkt, virk efnir (Stjórd. ESB L 153, 11.6.2011, bls. 1).

(³) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/841 frá 17. maí 2017 um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 að því er varðar framlengingu á samþykkistímabilum fyrir virku efnin alfasýpermetrín, *Ampelomyces quisqualis* stofn: AQ 10, benalaxyl, bentasón, bífenasat, brómóoxýníl, karfentrasónetýl, klórprófam, sýasófamíð, desmedífam, díkvat, DPX KE 459 (flúþýrsúlfúrón-metýl), etoxasól, famoxadón, fenamídón, flúmioxasín, foramsúlfúrón, *Gliocladium catenulatum* stofn: J1446, ímasamox, ímasóslúfúrón, ísoxaflútól, lamínarin, metalaxyl-m, metoxýfenósíð, milbemektín, oxasúlfúrón, pendímetalín, fenmedífam, pýmetrósin, S-metólaklór og tríflexystróbín (Stjórd. ESB L 125, 18.5.2017, bls. 12).

(⁴) Tilskipun ráðsins 91/414/EBE frá 15. júlí 1991 um markaðssetningu plöntuvarnarefna (Stjórd. EB L 230, 19.8.1991, bls. 1).

(⁵) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1141/2010 frá 7. desember 2010 þar sem mælt er fyrir um málsmeðferð við endurnýjun á færslu annars hóps virkra efna á skrá í I. viðauka við tilskipun ráðsins 91/414/EBE og um að taka saman skrá yfir þessi efnir (Stjórd. ESB L 322, 8.12.2010, bls. 10).

(⁶) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/404 frá 11. mars 2015 um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 að því er varðar framlengingu á samþykkistímabilum fyrir virku efnin beflúbútamið, kaptan, dímetóat, dímetómorf, etóprófos, fíþrófíl, fólpét, formetanat, glúfosit, metíókarb, metribúsín, fosmet, pírimífósmetýl og própamókarb (Stjórd. ESB L 67, 12.3.2015, bls. 6).

(⁷) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/415 frá 12. mars 2015 um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 að því er varðar framlengingu á samþykkistímabilum fyrir virku efnin etefón og fenamífós (Stjórd. ESB L 68, 13.3.2015, bls. 28).

- 6) Samþykkitímabilin fyrir virku efnin benjíavalíkarb, boskalíð, karvón, flúoxastróbín, *Paecilomyces lilacinus* af stofni 251 og prófíókónasól renna út 31. júlí 2018.
- 7) Umsóknir um endurnýjun á samþykki fyrir efnunum, sem um getur í 3. til 5. forsendu, voru lagðar fram í samræmi við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 844/2012 (¹).
- 8) Þar eð mat á efnunum hefur tafist af ástæðum sem umsækjendurnir fá ekki ráðið við er líklegt að samþykki fyrir þessum virku efnum renni út áður en ákvörðun um endurnýjun þeirra hefur verið tekin. Því er nauðsynlegt að framlempja samþykkistímabil þeirra.
- 9) Með tilliti til markmiðs fyrstu málsgreinar 17. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009, að því er varðar tilvik þar sem framkvæmdastjórnin mun samþykkja reglugerð þar sem kveðið er á um að samþykki fyrir virku efni, sem um getur í viðaukanum við þessa reglugerð, sé ekki endurnýjað vegna þess að viðmiðanir fyrir samþykki eru ekki uppfylltar mun framkvæmdastjórnin fastsetja lokadagsetningu gildistíma sem sömu dagsetningu og var í gildi fyrir gildistöku þessarar reglugerðar eða þann dag sem reglugerðin tekur gildi, ef sá dagur er síðar, að því tilskildu að samþykki fyrir virka efninu sé ekki endurnýjað. Að því er varðar tilvik þar sem framkvæmdastjórnin mun samþykkja reglugerð þar sem kveðið er á um endurnýjun á virku efni, sem um getur í viðaukanum við þessa reglugerð, mun framkvæmdastjórnin leitast við, eins og við á með tilliti til aðstæðna, að fastsetja gildistökudag eins fljótt og unnt er.
- 10) Þessi reglugerð ætti að öðlast gildi eins fljótt og auðið er þar eð sum samþykki fyrir virku efnunum renna út 30. júní 2018.
- 11) Því ætti að breyta framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 til samræmis við það.
- 12) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

**SAMÞYKKT REGLUGERÐ PESSA:**

*I. gr.*

Ákvæðum A-hluta viðaukans við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

*2. gr.*

Reglugerð þessi öðlast gildi daginn eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 27. júní 2018.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

Jean-Claude JUNCKER

*forseti.*

---

(¹) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 844/2012 frá 18. september 2012 um ákvæði sem eru nauðsynleg til að koma málsmæðferð við endurnýjun í framkvæmd að því er varðar virk efni eins og kveðið er á um í reglugerð Evrópusambandsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 um setningu plöntuverndarvara á markað (Stjtíð. ESB L 252, 19.9.2012, bls. 26).

*VÍDAUKI*

Ákvæðum A-hluta viðaukans við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 er breytt sem hér segir:

- 1) Í stað dagsetningarinnar í sjötta dálki, „Samþykki rennur út“, í línu 15, díkvat, komi „30. júní 2019“.
- 2) Í stað dagsetningarinnar í sjötta dálki, „Samþykki rennur út“, í línu 23, pýmetrósín, komi „30. júní 2019“.
- 3) Í stað dagsetningarinnar í sjötta dálki, „Samþykki rennur út“, í línu 35, famoxadón, komi „30. júní 2019“.
- 4) Í stað dagsetningarinnar í sjötta dálki, „Samþykki rennur út“, í línu 37, metalaxýl-m, komi „30. júní 2019“.
- 5) Í stað dagsetningarinnar í sjötta dálki, „Samþykki rennur út“, í línu 39, flúmioxasín, komi „30. júní 2019“.
- 6) Í stað dagsetningarinnar í sjötta dálki, „Samþykki rennur út“, í línu 42, oxasúlfürón, komi „31. júlí 2019“.
- 7) Í stað dagsetningarinnar í sjötta dálki, „Samþykki rennur út“, í línu 44, foramsúlfürón, komi „31. júlí 2019“.
- 8) Í stað dagsetningarinnar í sjötta dálki, „Samþykki rennur út“, í línu 46, sýasófamíð, komi „31. júlí 2019“.
- 9) Í stað dagsetningarinnar í sjötta dálki, „Samþykki rennur út“, í línu 62, fenamídón, komi „31. júlí 2019“.
- 10) Í stað dagsetningarinnar í sjötta dálki, „Samþykki rennur út“, í línu 63, ísoxaflútól, komi „31. júlí 2019“.
- 11) Í stað dagsetningarinnar í sjötta dálki, „Samþykki rennur út“, í línu 78, klórprófam, komi „31. júlí 2019“.
- 12) Í stað dagsetningarinnar í sjötta dálki, „Samþykki rennur út“, í línu 83, alfasýpermetrín, komi „31. júlí 2019“.
- 13) Í stað dagsetningarinnar í sjötta dálki, „Samþykki rennur út“, í línu 84, benalaxýl, komi „31. júlí 2019“.
- 14) Í stað dagsetningarinnar í sjötta dálki, „Samþykki rennur út“, í línu 85, brómoxýníl, komi „31. júlí 2019“.
- 15) Í stað dagsetningarinnar í sjötta dálki, „Samþykki rennur út“, í línu 86, desmedífam, komi „31. júlí 2019“.
- 16) Í stað dagsetningarinnar í sjötta dálki, „Samþykki rennur út“, í línu 88, fenmedífam, komi „31. júlí 2019“.
- 17) Í stað dagsetningarinnar í sjötta dálki, „Samþykki rennur út“, í línu 96, metoxýfenósíð, komi „31. júlí 2019“.
- 18) Í stað dagsetningarinnar í sjötta dálki, „Samþykki rennur út“, í línu 97, S-metólaklór, komi „31. júlí 2019“.
- 19) Í stað dagsetningarinnar í sjötta dálki, „Samþykki rennur út“, í línu 98, *Gliocladium catenulatum* af stofni J1445, komi „31. júlí 2019“.
- 20) Í stað dagsetningarinnar í sjötta dálki, „Samþykki rennur út“, í línu 99, etoxasól, komi „31. júlí 2019“.
- 21) Í stað dagsetningarinnar í sjötta dálki, „Samþykki rennur út“, í línu 109, bífenasat, komi „31. júlí 2019“.
- 22) Í stað dagsetningarinnar í sjötta dálki, „Samþykki rennur út“, í línu 110, milbemektín, komi „31. júlí 2019“.
- 23) Í stað dagsetningarinnar í sjötta dálki, „Samþykki rennur út“, í línu 141, fenamífos, komi „31. júlí 2019“.
- 24) Í stað dagsetningarinnar í sjötta dálki, „Samþykki rennur út“, í línu 142, etefón, komi „31. júlí 2019“.
- 25) Í stað dagsetningarinnar í sjötta dálki, „Samþykki rennur út“, í línu 145, kaptan, komi „31. júlí 2019“.
- 26) Í stað dagsetningarinnar í sjötta dálki, „Samþykki rennur út“, í línu 146, fölpét, komi „31. júlí 2019“.

- 27) Í stað dagsetningarárinnar í sjötta dálki, „Samþykki rennur út“, í línu 147, formetanat, komi „31. júlí 2019“.
- 28) Í stað dagsetningarárinnar í sjötta dálki, „Samþykki rennur út“, í línu 148, metíókarb, komi „31. júlí 2019“.
- 29) Í stað dagsetningarárinnar í sjötta dálki, „Samþykki rennur út“, í línu 149, dímetóat, komi „31. júlí 2019“.
- 30) Í stað dagsetningarárinnar í sjötta dálki, „Samþykki rennur út“, í línu 150, dímetómorf, komi „31. júlí 2019“.
- 31) Í stað dagsetningarárinnar í sjötta dálki, „Samþykki rennur út“, í línu 152, metríbúsín, komi „31. júlí 2019“.
- 32) Í stað dagsetningarárinnar í sjötta dálki, „Samþykki rennur út“, í línu 153, fosmet, komi „31. júlí 2019“.
- 33) Í stað dagsetningarárinnar í sjötta dálki, „Samþykki rennur út“, í línu 154, própamókarb, komi „31. júlí 2019“.
- 34) Í stað dagsetningarárinnar í sjötta dálki, „Samþykki rennur út“, í línu 155, etóprófos, komi „31. júlí 2019“.
- 35) Í stað dagsetningarárinnar í sjötta dálki, „Samþykki rennur út“, í línu 156, pírimífosmetýl, komi „31. júlí 2019“.
- 36) Í stað dagsetningarárinnar í sjötta dálki, „Samþykki rennur út“, í línu 158, beflúbútamíð, komi „31. júlí 2019“.
- 37) Í stað dagsetningarárinnar í sjötta dálki, „Samþykki rennur út“, í línu 163, benþíavalíkarb, komi „31. júlí 2019“.
- 38) Í stað dagsetningarárinnar í sjötta dálki, „Samþykki rennur út“, í línu 164, boskalíð, komi „31. júlí 2019“.
- 39) Í stað dagsetningarárinnar í sjötta dálki, „Samþykki rennur út“, í línu 165, karvón, komi „31. júlí 2019“.
- 40) Í stað dagsetningarárinnar í sjötta dálki, „Samþykki rennur út“, í línu 166, flúoxastróbín, komi „31. júlí 2019“.
- 41) Í stað dagsetningarárinnar í sjötta dálki, „Samþykki rennur út“, í línu 167, *Paecolomyces lilacinus* af stofni 251, komi „31. júlí 2019“.
- 42) Í stað dagsetningarárinnar í sjötta dálki, „Samþykki rennur út“, í línu 168, prófíókónasól, komi „31. júlí 2019“.